



Efni: Umsögn varðandi þingsályktun um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 56. mál.

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 56. mál.

Breiðafjarðarnefnd fagnar tillögu um kaup á nýrri ferju. Nýr Baldur þarf að tryggja á sem öruggastan hátt þann fjölbreyttan flutning á fólki, bifreiðum og vörum sem daglega fer yfir Breiðafjörð. Baldur stuðlar auk þess að búsetu í Flatey, sem er háð flutningum farþega og vara með Baldri.

Breiðafjarðarnefnd bendir á mikilvægi þess að kanna möguleika á að ný ferja verði knúin endurnýjanlegum orkugjöfum. Vistkerfi Breiðafjarðar er viðkvæmt og þolir illa hugsanlegan olíuleka frá ferju sem fer daglega yfir fjörðinn. Breiðafjörður er hættulegt hafsvæði vegna veðurs, fjölda eyja, hólma, skerja og mikilla strauma. Ferja sem knúin er endurnýjanlegum orkugjöfum kemur í veg fyrir mögulegan olíuleka og er auk þess mikilvægt skref í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem stuðla að aukinni loftslagsvá.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að til að tryggja öryggi farþega og náttúru Breiðafjarðar þarf ný ferja að uppfylla ákveðnar öryggiskröfur. Ferjan þarf t.d. að vera knúinn tveim vélum til að tryggja varaafli fyrir skipið. Ný ferja þarf einnig að geta á einfaldan og öruggan hátt lagst við bryggju í Flatey. Þá ætti það að vera eitt lykilateki í ákvörðum um kaup á nýrri ferju að hún tryggi sem best lífríki og náttúru Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd leggur einnig áherslu á að uppbygging hafnarsvæða sem taka á móti nýrri ferju skapi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Baldur gegnir mikilvægu hlutverki á Breiðafirði og í nálægum samfélögum. Framtíðarspáin sem tillaga til þingsályktunar byggir á sýnir að mikilvægi hans geti orðið meira í framtíðinni en nú er. Grænar samgöngur gegna mikilvægu hlutverki á öllum sviðum samfélags til framtíðar og er nýr Baldur mikilvægur þáttur í þróun byggðanna í kringum Breiðafjörð, sem og í framkvæmd loftslagsstefnu stjórnvalda.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar